



5 KAFLI
*SKÁTAHEITIÐ
OG SKÁTALÖGIN*

EFNISYFIRLIT

Uppeldishlutverk skátahreyfingarinnar

- Skátastarf stuðlar að uppeldi og menntun unglinga með notkun ákveðinna gilda
- Gildin eru stöðug áskorun fyrir alla skáta

Skátalögin

- Reglur eru mikilvægar snemma á unglingsárunum
- Börn átta sig á því frá 10-11 ára aldri að reglur gegna hlutverki gagnkvæms samþykkis
- Fyrir 10-11 ára aldur byggir siðferði á venjum
- Börn byrja að öðlast siðferðilegt sjálfstæði við 10-11 ára aldur
- Unglingar læra gildi reglna af fordæmi fyrirmynda sinna og af reynslunni af því að tengjast jafningjum sínum
- Unglingar tileinka sér skátalögin á sama hátt og reglur
- Þeir læra af foringjum sem sýna gott fordæmi og af jafningjum sínum í skátastarfinu
- Skátalögin leggja það beinlínis til að við lifum eftir gildum okkar

Hugleiðingar um skátalögin

- Skáti er hjálpsamur
- Skáti er glaðvæur
- Skáti er traustur
- Skáti er náttúruvinur
- Skáti er tillitssamur



- Skáti er heiðarlegur
- Skáti er samvinnufús
- Skáti er nýttinn
- Skáti er réttssýnn
- Skáti er sjálfstæður

Skátaheitið

- Skátaheitið er valkvætt loforð
- Með skátaheitinu lofum við að gera það sem í okkar valdi stendur
- Skyldan við „guð og ættjörðina“
- „að hjálpa öðrum“
- „að halda skátalögin“
- Að vígjast sem skáti og vinna skátaheitið er mikilvæg stund í lífi hvers unglings
- Unglingarnir ákveða hvort og hvenær þeir eru tilbúnir til að vinna skátaheitið og vígjast sem skátar
- Kjörorð skáta minnir okkur á skátaheitið
- Góðverkið er dæmi um framkvæmd skátaheitisins

UPPELDISHLUTVERK SKÁTAHREYFINGARINNAR

Skátastarf stuðlar að uppeldi og menntun unglinga með notkun ákveðinna gilda

Meginmarkmið skátahreyfingarinnar er að stuðla að uppeldi og þroska barna, unglinga og ungs fólks af báðum kynjum á þann veg að þeir einstaklingar sem „skátauppeldis“ njóta verði sjálfstæðir og sjálfum sér nógir, en jafnframt virkir og ábyrgir samfélagsþegnar. Samfélagsþegnar sem taka þátt í að betrubæta þann heim sem við búum í, náttúrulegt og menningarlegt umhverfi og samfélag manna, bæði það sem næst okkur er og á alþjóðavísu.

Þannig hefur skátahreyfingin skapað sér uppeldishlutverk sem hún hefur eftir mætti reynt að rækja í yfir hundrað ár um allan heim. Skátahreyfingin starfar eftir sömu gildum í nánast öllum löndum jarðarkringlunnar og er fjölmennasta æskulýðshreyfing í heiminum. Þessu uppeldishlutverki sinnir skátahreyfingin með því að beita skátaáðferðinni, en hún gerir skátann sjálfan að lykilpersónu á vegferð sinni til að verða sú sjálfstæða og sjálfbjarga manneskja sem er fær um að veita öðrum stuðning en jafnframt að vera hluti af heild.

Mikilvægur hluti skátaáðferðarinnar er tilboð til hvers skáta fyrir sig um tiltekin persónuleg og félagsleg gildi skátalaganna sem verða nánast að lífsreglum sem skátar um allan heim aðhyllast.



Gildin eru stöðug áskorun fyrir alla skáta



Lífsreglurnar eru í raun tilboð sem hver og einn einstaklingur tekur afstöðu til og þær áskorun fyrir alla skáta. Þær hvetja unglinga jafnt sem fullorðna til að leggja sig stöðugt fram.

Landssamtök ólíkra þjóða orða uppeldismarkmið sín ekki öll á sama hátt, en þrátt fyrir mismunandi útfærslur fylgja þau öll sömu gildunum.

Hver karl eða kona sem tekið hefur þátt í uppeldis- starfi skátahreyfingarinnar á unglingsárum ætti að hafa tamið sér eftirfarandi lífsviðhorf og hegðun:

- **Sýni sjálfum sér, öðrum og umhverfinu virðingu** - Þekkir möguleika sína og takmarkanir, hefur raunsæjar hugmyndir um sjálfa(n) sig, sættir sig við hvernig hann eða hún er og varðveitir sterka sjálfsmynd. Skilur í hverju hugtakið *sjálfbærni* felst og leggur sitt af mörkum til *sjálfbærrar þróunar* í nærumhverfi og nærsamfélagi, en líka í víðara vistfræðilegu, menningarlegu og efnahagslegu hnattrænu samhengi. Þekkir, viðurkennir og virðir kynhvöt sína og annarra sem tjáningu ástar og væntumþykju.
- **Taki tillit til skoðana og tilfinninga annarra** - Stundar ígrundun og samræður við aðra um tilgang lífsins og mannlega breytni, þekkir og getur útskýrt mikilvægi persónulegrar og sameiginlegrar upplifunar. Tjáir skoðanir sínar og tilfinningar með fjölbreyttum miðlum, skapar þægilegt andrúmsloft í kringum sig á heimili, í skóla eða á vinnustað til að auðvelda samskipti og auðga eigið líf og annarra.
- **Fylgi trú sinni og sannfæringu en geti einnig tekið gagnrýni** - Leitast við að öðlast og viðhalda innra frelsi, jafnvægi og tilfinningaþroska. Leitar dýpri viðmiða, bæði persónulega og samfélagslega um tilveru mannkyns og náttúrunnar í heild og tengir þau eigin lífsgildum. Fylgir siðfræðilegri afstöðu sem tengist hugmyndum um tilgang lífsins utan eða innan skipulegra trúarbragða. Gerir siðaboðskap sem byggir á kennisetningum um tilgang lífsins og virðingu fyrir lífi að hluta af daglegu lífi, bæði einkalífi og samfélagsþátttöku og leitast við að hjálpa öðrum í stóru og smáu.
- **Berjist gegn ranglæti og órétti, rétti öðrum hjálparhönd og leggi sitt af mörkum til betra samfélags** - Sameinar eigið frelsi og umhyggju fyrir öðrum, stendur á rétti sínum, uppfyllir skyldur sínar og ver rétt annarra til að gera slíkt hið sama. Skilur að fjölskyldan er hornsteinn þjóðfélagsins og sér til þess að kærleikur milli foreldra og barna, bræðra og systra, ríki innan eigin fjölskyldu. Viðurkennir og virðir lögmæt yfirvöld og fyrirmæli og beitir þeim í þágu annarra. Leggur á virkan hátt sitt af mörkum til nærsamfélagsins og tekur þátt í að skapa réttlátt samfélag

sem byggir á þátttöku og samvinnu. Getur greint mismunandi orsakir ágreinings, þekkir leiðir til að minnka líkur á ósamlyndi og til þess að leysa úr álitamálum. Metur samfélagslegt og siðferðilegt gildi vísinda og tækni við sköpun nýrrar þekkingar og við lausn vandamála í þágu mannkyns, samfélaga og náttúrulegs umhverfis.

- **Sýni vilja til þess að axla ábyrgð og ljúka þeim verkefnum sem hún eða hann tekur að sér** - Er fylgin(n) sér og elskuleg(ur) við aðra án þess að vera þvinguð/aður eða frek(ur). Veit um réttindi sín og líka að þeim fylgja skyldur. Tekur höfuðábyrgð á eigin þroska og framförum og leitast við að standa sig alltaf með þryði.

- **Lifi lífinu af gleði og ánægju**

- Mætir lífinu og því sem það ber í skauti sér með glaðværð og kímni. Byggir persónulega hamingju á kærleika og væntumþykju, vinnur í þágu annarra án þess að ætlast til umbunar og metur fólk eins og það er.

- **Hafi hugrekki til þess að láta drauma sína rætast og nýta þau tækifæri sem skapast** - Fylgir staðfastlega

þeim gildum sem veita honum eða henni innblástur. Setur sér langtímamarkmið varðandi flókin viðfangsefni, metur þau, forgangsraðar og nýtir niðurstöðurnar til þess að þroska eigin dómgreind.

- **Er skapandi og sjálfstæð eða sjálfstæður í hugsun, orði og verki** - Aflar sér nýrrar þekkingar á markvissan og skapandi hátt. Sameinar fræðilega og hagnýta kunnáttu með því að beita þekkingu sinni og verkkunnáttu til að finna nýjar lausnir.

- **Gerir ávallt sitt besta og hræðist ekki að gera mistök** - Byggir lífsáform sín á gildum skátalaganna og skátaheitsins. Sýnir snerpu og áræði við alls kyns aðstæður, þroskar með sér hæfileika til að hugsa skýrt, finnur upp á nýjungum, beitir gagnrýninni hugsun og er á varðbergi gagnvart hvers kyns ranghugmyndum.

- **Lifi heilbrigðu lífi** - Velur sér lífsstíl sem hefur uppbyggjandi áhrif á líkamlega heilsu, andlega og félagslega líðan. Stundar útivist með öðru fólki og tekur reglulega þátt í athöfnum sem reyna á hreyfigetu líkamans. Gerir sér grein fyrir starfsemi líkamans, gætir heilsunnar, gerir sér grein fyrir líkamlegri getu sinni og eigin takmörkunum. Neytir fjölbreyttrar og hollrar fæðu. Hugsar vel um útlitið og gætir eigin hreinlætis og hreinlætis í kringum sig. Skiptir tímanum skynsamlega á milli ólíkra skyldustarfa, stundar tómstundaiðju við hæfi og tekur tillit til forgangsroðunar.



- **Er traustur félagi og vinur** - Gerir sér grein fyrir því að í hópinn sem hann eða hún tilheyrir má sækja stuðning til persónulegra framfara og þroska og til uppfyllingar lífsáforma.
- **Skilji og njóti eigin menningar og annarra** - Tileinkar sér menningarleg gildi þjóðarinnar en er samt opin(n) fyrir menningu annarra þjóða og einstakra hópa. Hefur samskipti við fólk burtséð frá trúarbrögðum þeirra, uppruna, litarhætti, kyni, kynhneigð eða stjórnmálaskoðunum og leitast við að skapa opið, umburðarlynt og fordómalaust samfélag.
- **Stuðli að friði, jafnrétti og bræðralagi manna á meðal** - Stuðlar að friði og gagnkvæmum skilningi einstaklinga og þjóða með því að hvetja til alþjóðlegrar samvinnu og vináttu fólks um allan heim. Virðir og stuðlar að auknum mannréttindum en fylgir þó þeim reglum sem samfélagið hefur sett, metur þær á ábyrgan hátt og ígrundar möguleikann á að breyta þeim ef þörf krefur.

Þessi gildi koma fram í skátaheitinu, skátalögnum og lokamarkmiðum skátahreyfingarinnar sem ætlað er að lýsa þeirri hegðun og viðhorfi sem skátar hafa tamið sér við lok uppeldisdagskrár skátastarfs við 22 ára aldur.



SKÁTALÖGIN

Reglur eru mikilvægar snemma á unglingsárunum

Reglur gegna mikilvægu hlutverki á fyrstu stigum unglingsáranna. Það er mikilvægt að móta jákvætt og ábyrgt hugarfar til reglna á þessu stigi og að byggja upp siðferðilegt gildismat einstaklinga.

Eitt af fyrstu einkennum gelgjuskeiðsins er minni agi og tilhneiging til að efast um vald foreldra sinna og fullorðins fólks almennt. Fullorðið fólk sem áttar sig ekki strax á þessu nýja hegðunarmynstri unglingsanna bregst oft við með ósveigjanleika og að setja ennþá strangari reglur en áður giltu. Unglingarnir véfengja reglur sem þeir virtu sem börn. Þetta er nauðsynlegt stig á þroskaferli þeirra og hjálpar þeim að feta sig í átt að siðferðilegu sjálfstæði. Markmið okkar sem leiðbeinenda er að hvetja unglingsana og styðja þá frekar en að reyna að bæla niður efasemdir þeirra. Með *skátaaðferðinni* er lögð áhersla á mikilvægi þessa þroskastigs, vegna þess að ef það mistekst að skapa siðferðislegt sjálfstæði á unglingsárunum getur það haft alvarlegar afleiðingar á jafnvægi einstaklingsins í framtíðinni.

Börn átta sig á því frá 10-11 ára aldri að reglur gegna hlutverki gagnkvæms samþykkis

Ef fylgst er með því hvernig börn bregðast við reglum í leik er hægt að varpa nokkru ljósi á hvernig hugtakið regla þróast í huga unglingsins.

Reglur eru í raun málamiðlun tveggja ólíkra tilfinninga sem brjótast fram í leik. Annars vegar þráin til að vinna, til að vera sterkastur, til að bera sig saman við aðra og hins vegar þráin til að halda áfram að leika við aðra. Ef ég vil alltaf vinna, verða hin börnin pirruð og vilja ekki leika við mig lengur. Til þess að leikurinn geti haldið áfram verð ég að veita vinningsmöguleika. Ég verð að vera fær um að „setja mig í þeirra spor“ og fara eftir reglum sem skilgreina á hlutlausan hátt rétt og skyldur hvers leikmanns og skera úr um hvernig leikurinn þróast og vinnst.

Börn hafa enga tilfinningu fyrir reglum fyrr en um tveggja til þriggja ára aldurinn. Þangað til nota þau leikföng eins og þeim sýnist, kasta þeim, fela þau, missa áhugann á þeim og taka þau svo upp aftur. Ung börn leika sér „hvert við annars hlið“ en ekki „hvert við annað“. Þetta sést augljóslega í leikskólum, þar sem börn leika sér hlið við hlið án þess að vera í sama leiknum.

Frá fimm til sex ára aldri og alveg upp í níu til tíu ára, eru reglur heilagar í hugum barna. Þau líta svo á að þær komi frá fullorðnum og séu þess vegna óhagganlegar. Börn á þessum aldri eru ekki fær um að skapa sínar eigin reglur vegna þess að þau eru ekki farin að geta sett sig í spor annarra og eru ennþá of upptekin af því að sanna sig. Þetta er þó breytilegt eftir þroska barnanna. Börnin herma eftir reglum sem þau læra af þeim eldri, en virða þær þó ekki að fullu. Það er alltaf einhver sem svindlar vegna þess að þráin til að vinna er svo sterk. Þegar það gerist rífast allir, leikurinn stöðvast, ágreiningurinn er leystur og leikurinn heldur áfram þar til hann stöðvast aftur nokkrum mínútum seinna vegna annars rifrildis.

Frá sjö til átta ára aldri, um leið og börn fara að viðurkenna reglur, fer þeim yfirleitt að ganga betur að vinna í hópum og að vinna að sameiginlegu markmiði. Lærdómsferlið á þessum aldri samanstendur af því að hlýða og fylgja reglum. En þar sem börnin hafa ekki enn öðlast fullan skilning á reglum er ekki von á mjög náinni samvinnu. Hópar auðvelda samt skipulagningu og eftirlit í sveitarstarfi drekaskáta. Flokks og sveitarstarfið verður þó aldrei „lifandi samfélag á sama hátt og hjá fálkaskátaflokkunum og enn frekar hjá dróttskátum.



Það er ekki fyrr en um 10-11 ára aldurinn sem börnin fara að átta sig á að reglur gegna hlutverki gagnkvæms samþykkis. Þá átta þau sig á að það eru ekki bara fullorðnir sem setja reglur. Þau geta sjálf sett reglur og breytt þeim ef allir eru sammála um það.

Fyrir 10-11 ára aldur byggir siðferði á venjum


Siðferðilegar reglur taka við af almennum leikreglum. Börn fara ekki að mynda sér sjálfstæða skoðun á hegðun fyrr en á aldrinum sjö til átta ára. Þau eru sáttt við að flokka hegðun sem „góða“ eða „slæma“ eða „réttá“ eða „ranga“ eftir því sem telst eðlilegt í umhverfi þeirra. Börn lúta aðeins yfirvaldi ef þau fá eitthvað út úr því sjálf eða til að sleppa við refsingar. Það er til dæmis ekki ólíklegt að þau velti því fyrir sér að eftir því sem lygi er ótrúverðugri því verri hljóti hún að vera. Þau líta það heldur ekki alvarlegum augum að gera eitthvað heimskulegt svo lengi sem ekkert skemmist. Það er sem sagt ekki verknaðurinn sem skiptir máli heldur afleiðingarnar. Þau líta á refsingu sem yfirbót: Þeir seku verði að fá refsingu í samræmi við alvarleika afbrotsins.

Frá sjö til átta ára og fram til tíu og ellefu ára aldurs eru börn á stigi hefðbundins siðferðis. Þau hegða sér eftir væntingum foreldra sinna eða þess félagslega hóps sem þau tilheyra. Hegðun þeirra miðast við það sem þau álíta að feli í sér að vera „gott barn“. Þau líta á lög og reglur og virðingu fyrir yfirvaldi sem eitthvað óvæfingjanlegt. Stundum getur fólk staðnað á þessu stigi allt til fullorðinsáranna ef það fær ekki næga félagslega reynslu eða ef það fær sérstaklega strangt og einhæft uppeldi. Fullorðnir einstaklingar geta þá verið fastir í undirgefni hegðun bernskunnar og – þar sem þeir eru fullorðnir en ekki börn – gæti verið litið á þá sem kjánalega.

Börn byrja að öðlast siðferðilegt sjálfstæði við 10-11 ára aldur

Frá 10-11 ára aldri, þegar börn fara að hugsa rökrétt, fara þau smám saman að þróa með sér siðferðilegt sjálfstæði. Þau eru fær um að dæma fólk eftir gjörðum þess og benda á sérstaka þætti í fari þess. Þau skynja galla og veikleika og trúa ekki lengur í blindni á „yfirvaldið“. Þess vegna fara þau sjálf að dæma eigin athafnir og annarra.

Börn viðurkenna siðferðilegar reglur sem leið til að deila réttindum og skyldum innan þess hóps sem þau tilheyra. Allt fram til 12 ára aldurs samþykkja þau reglur sem nokkurs konar samning milli einstaklinga. Reglur eru í þeirra augum ekki lengur ósnertanlegar heldur er hægt að breyta þeim með samkomulagi. Smám saman, sérstaklega á seinna stigi gelguskeiðsins í kring um 15 ára aldurinn, fer unglingurinn að skilja hugmyndina um altæk gildi: Réttlæti, samvinnu, jafnrétti og virðingu. Siðferðilegar reglur eru frekar tengdar félagslegri hugsjón en félagslegum veruleika. Unglingar skilgreina hvað er „rétt“ á grundvelli persónulegra skoðana sinna á siðferðislegum reglum. Það er reyndar nálægt þeim hugmyndum sem fullorðnir hafa um reglur en þær fela í sér virðingu og lýðræðislegt viðhorf, eins og sýnt er á myndinni hér að neðan.



Unglingar læra gildi reglna af fordæmi fyrirmynda sinna og af reynslunni af því að tengjast jafningjum sínum

Slíkt ferli þróast hins vegar ekki sjálfkrafa. Eins og myndin sýnir, getur margt orðið til þess að þetta þróunarferli stöðvist eða breyti um stefnu og þannig hindrað einstaklinginn í því að ná siðferðilegu sjálfstæði og öðlast skilning fullorðinna á reglum og lögum. Þróingsýnir einstaklingar geta aukið á þessa erfiðleika þegar þeir eru settir í hlutverk uppallenda, þar sem þeir hafa ekki sjálfir nógu mikinn þroska þegar kemur að reglum. Eins og minnst hefur verið á áður, getur einstrengingslegt og mjög strangt uppeldi fest fólk í barnalegri undirgefni: „Ég hlýði öllum reglum og öllu yfirvaldi án umhugsunar.“ Ofverndun barna og takmörkuð félagsleg samskipti þeirra við jafningja getur haft samsvarandi áhrif.

Einstrengingsleg stjórnun og ofverndun valda því oft að unglingar gera uppreisn og hafna öllum lögum og reglum. Uppreisnargjarn unglingsstorkar valdi með ögrandi hegðun og með því að taka áhættu. Fullviss um að allar reglur séu slæmar, stefnir einstaklingur í slíkri stöðu að einangrun og jafnvel í að verða vandræðaunglingur. Hins vegar getur eftirlæti eða of frjálstlegt uppeldi gert það að verkum að unglingsstork fari á mis við að þroska með sér siðferðilegt sjálfstæði. Hann festist á því stigi þar sem einu reglurnar eru grunnhvatir og eigin ánægja. Foreldrar og uppeldur sem hafa upplifað of strangt uppeldi sem börn eiga það til að gefa börnum of lausan tauminn. Slíkt getur leitt til ýmiss konar sjálfskapaðrar andfélagslegrar hegðunar.

Sálfræðingurinn Jean Piaget benti á tvær leiðir sem stuðla að þroska unglinga í átt að siðferðilegu sjálfstæði og að þeir fari að bera virðingu fyrir lögum og reglum líkt og fullorðnir. Önnur leiðin er *einhlíða virðing*, en það er þegar unglingar bera virðingu fyrir eldra fólki og fullorðnir hafa einhlíða áhrif á unglingana. Hin leiðin er *gagnkvæm virðing*, sem á við um þau áhrif sem jafningjar hafa hvorir á aðra. Þroski ungmenna, sérstaklega á unglingsárunum, þarfnast beggja þessara leiða; fyrirmynda til að samsama sig við og tækifæra til að þroskast og taka framförum með hjálp rökræðna í hópi jafningja.

Unglingar tileinka sér skátalögin á sama hátt og reglur

Þeir læra af foringjum sem sýna gott fordæmi og af jafningjum sínum í skátastarfinu

Þessar tvær leiðir eru báðar nauðsynlegar í starfi dróttskáta. Þær koma meðal annars fram í gildum skátalaganna og með því „sjálfstjórnarkerfi“ sem skátaaðferðin býður upp á með litlu sjálfstæðu hópunum (flokkunum), sveitarráðunum (framkvæmdavaldi unglingsamfélagsins) og sveitarþingunum (löggjafarvaldinu) þar sem sveitarstarfið er metið og lífsreglur eru skilgreindar og endurskoðaðar í ljósi skátalaganna.

Eins og Piaget orðaði það: Þessar tvær aðferðir gera unglingsstork kleift að „læra af eigin reynslu að hlýða reglum, að tilheyra félagslegum hópi og að gangast við persónulegri ábyrgð“.

Skátaheitið ýtir einnig undir það að skátar læri af reynslunni og tileinki sér gildi í gegnum skátastarfið. Það er persónuleg ákvörðun hvers og eins að vinna skátaheitið en með því staðfesta unglingar val sitt á gildum og lofa jafnframt að gera sitt besta til að vera trúir skátalögunum og læra meira um merkingu þeirra í framtíðinni.

Skátalögin leggja það beinlínis til að við lifum eftir gildum okkar



Gildi skátahreyingarinnar eru sett fram á skipulegan hátt í skátalögnum.

Skátalögin eru þó miklu meira en bara skipulagskerfi hugmynda. Þau eru í raun hegðunarmynstur sem unglingar geta valið að fylgja og nota til að móta stefnu sína í lífinu. Þau geta einnig hjálpað unglingum að skapa sér persónuleika byggðan á gildunum. Til þess að vera sjálfum okkur samkvæm þurfum við að hugsa og haga okkur í samræmi við eigin gildi. Aðeins á þann hátt getum við nýtt okkur gildin til að skoða, túlka, láta reyna á okkur sjálf og umheiminn.

Skátalögin eru ekki tilskipun heldur tilboð um viðhorf og hegðun. Tilboðið er heillandi, sett fram á einfaldan og auðskilinn hátt á einföldu og aðgengilegu máli. Þegar skátarnir eru tilbúnir til að vinna skátaheitið lofa þeir að reyna að framfylgja þeim gildum sem koma fram í skátalögnum og gera þau að hluta af eigin lífsstíl.



HUGLEIÐINGAR UM SKÁTALÖGIN

Hér á eftir verður fjallað um tilboðið sem felst í skátalögnum.

Það gæti hjálpað þér að: Auka skilning þinn á þeim, hugleiða áhrif þeirra á þitt eigið líf og til að finna orðin og myndmálið sem nýtist þér þegar þú ræðir um skátalögin við unglingana í skátasveitinni þinni.

Skáti er hjálpsamur

Það er bæði gagn og gaman
að ganga skátavegin saman
og báðum sínum höndum haga
til hjálpar öðrum alla daga.

HZ

Hjálpssemi er í hugum flestra nátengd skátum og skátastarfi. Hún er hin sýnilega leið til að vinna að tilgangi skátastarfs í heiminum með því „að byggja upp betri heim“. Hjálpssemi verður ekki kennd með lestri eða fyrirlestrum. Hana þarf að rækta, æfa sig og börn í að veita öðrum hjálp, aðeins þannig verður hún einstaklingum töm og eðlileg.

Við það að sýna öðrum hjálpssemi upplifir skátinn þá vellíðan og það stolt sem fylgir því að verða öðrum að liði. Slík tilfinning er góð og gefandi. Hjálpsemin felur þannig í sér endurgjöf sem skilar sér margfalt, án þess að það hafi verið ætlunin.

Með því að leiða skátann endurtekið inn í þennan gefandi „heim hjálpseminnar“, upplifir hann aftur og aftur þá góðu tilfinningu sem fylgir því að láta gott af sér leiða og smám saman verður hjálpsemin honum eða henni sjálf sögð og eðlislæg.

Æfing í hjálpssemi á að vera almenn og sjálf sögð í skátastarfi því kærleikurinn felst í því að setja sig í annarra spor, finna til með öðrum og hjálpa þeim.


Í kveðjubréfi sínu til skáta segir Baden Powell „Mesta hamingjan er í því fólgin að veita öðrum hamingju“.

Hjálpsemin krefst oft hugrekks og getur kostað átak og jafnvel fórnir, sérstaklega ef hún er ekki í samræmi við félagslegan þrýsting – þess vegna þarf að rækta hana og þjálf.

Skáti er glaðvær

Gleðin hún er gæfan mesta,
gleðibrosið smitar flesta,
skuggum eyðir, vekur vorið,
vermir, yljur, léttir sporið.

HZ



Gleðin er börnum og ungmennum eðlislæg en umhverfi þeirra og aðstæður skyggja stundum á og bæla þá glaðværð og birtu sem þau bera í brjosti sér.

Í skátastarfinu er leitast við að skapa umhverfi og aðstæður þar sem glaðværðin fær að ríkja, einlæg og óþvinguð.

Gleðin er hvað björtust í litrófi mannlegra tilfinninga og getur sprottið fram hvar og hvenær sem er. Allir þekkja gleðina en of fáir rækta hana eða leyfa henni að njóta sín. Hún klingir í eyrum og lyftir fólki yfir áhyggjur dagsins.

Glaðværð og gáski eru merki um að líf einhvers gangi vel og leiði að settu marki. Glaðlegt andrúmsloft ber vitni um að fólki líði vel og vilji sýna það. Þegar gleðin býr að baki þess sem við gerum er augljóst að við erum hamingjusöm.

Af gleðinni sprettur kímnin, sem er ekki það sama og að vera fyndinn og dregur á engan hátt úr alvarleika ábyrgðar okkar og einbeitingar. Hægt er að taka hlutverk sitt alvarlega án þess að vera alvarlegur eða alvarleg í framgöngu. Stundum ber alvarleiki vott um að einstaklingar taki sjálfa sig of hátíðlega.

Besti fylginautur gleðinnar er löngunin til að deila henni með öðrum, að veita öðrum gleði.

Að vera í góðu skapi er besta leiðin til að eignast vini því þannig fá aðrir hlutdeild í gleðinni. Vinur er sá sem hugsar um okkur og líðan okkar, bæði þegar vel gengur og illa og er alltaf tilbúinn að benda okkur á að góða skapið sigrast á flestum vanda.

Skáti er traustur

Traustur maður, trúr í öllu,
traustur jafnt í koti og höllu,
bognar ei þótt blási móti,
bjarg í lífsins ölduróti.

HZ



Að vera traustur er sú grein skátalaganna sem ein og sér kemst hvað næst því að lýsa meginmarkmiði skátahreyfingarinnar, því að skapa „...sjálfstæða, virka og ábyrga“ þjóðfélagsþegna.

Traust er forsenda vináttu og framfara. Að vera traustur er að vera trúr sjálfum sér, samvisskunnri, vinum sínum og samfélaginu öllu, háum sem lágum, ungum sem öldnum.

Traust skapar trúnað milli manna, hollustu sem gerir lífið einlægt og öruggt. Traust veitir styrk og sjálfsöryggi. Reynslan kennir okkur hverjir eru traustsins verðir og hverjir eiga bágt með að standa við sitt. Þeir sem eru traustsins verðir skapa sér með tímanum gott orðspor með verkum sínum.

Traust er alltaf manna á milli, það tengist hverri persónu, jafnvel hverri athöfn og viðleitni.

Traust er forsenda jákvæðra mannlegra samskipta, það heldur samfélagi manna saman. Um leið og traustið dvín og vantraustið nær fótfestu hallar undan fæti.

Að vera traustur táknar einnig að bogna ekki þó móti blási, standa sem klettur í blíðu og stríðu. Að reynast þeim vel sem til manns leita, að vera heiðarleg, sönn og trú eða heiðarlegur sannur og trúr – eða að vera vinur vina sinna og hjálpa og liðsinna þeim sem hjálpar eru þurfi – það er að vera traust manneskja.

Það er varla hægt að segja nokkuð stærra né meira um einhvern eða einhverja en að hann eða hún sé traustur eða traust. Það sama á í raun við um félög, fyrirtæki og stofnanir.

Skáti er náttúruvinur

Náttúruvinur, nýtur maður,
náttúruperlur verndar glaður.
Umgengst þær með skáta skynsemd,
skörungsbrag og fullri vinsemd.

HZ



Að vera náttúruvinur er í raun að vera vinur alls þess sem umleikur okkur, að okkur sjálfum meðtöldum, það er göfugt takmark.

Meðan við lifum eru það forréttindi okkar að fá að njóta loftsins sem við öndum að okkur og tæra lindarvatnsins sem við drekkum; einnig landsins og himinsins, gróðursins og stjarnanna, sjávarins, heiðanna og fjörunnar. Við fáum að njóta þessa stórkostlega umhverfis ásamt öðrum lifandi verum; fuglum og fiskum, mönnum og dýrum, ferfætlingum og margfætlum – á meðan við lifum. Að vera náttúruvinur er í raun að vera vinur alls sem er og átta sig á því að allt líf og allar lífverur skipta máli. Lífið er samvera og samvinna.

Við umgöngumst vini okkar af vinsemd og virðingu. Við hjálpum þeim og þeir hjálpa okkur. Við vöxum og þroskumst með þeim, hjálpum þeim að stækka og verða meiri, stöndum með þeim þegar okkur finnst þeir órétti beittir, hlúum að þeim þegar þeim líður illa og síðast en ekki síst njótum þess að eiga sem flestar gleðistundir með þeim. Þannig vinur er náttúran og þannig vinir náttúrunnar ættu skátar að vera.

Við hvorki eigum náttúruna né sitjum ein að henni. Við njótum vináttu hennar meðan við lifum, sem er í raun einungis örskotsstund í veraldarsögunni. Okkur ber skylda til að rækta sambúðina við náttúruna á þann hátt að komandi kynslóðir fái notið hennar og hennar gæða á sama hátt og við.

Þó að hver skáti hafi sem stendur ekki mikil áhrif á þýðingarmiklar ákvarðanir varðandi náttúruna geta skátar lagt sitt af mörkum í nánasta umhverfi sínu. Með því að vera sjálfir meðvitaðir um náttúruvernd og að efla skilning annarra, taka þátt í staðbundnum verkefnum, vinna við hreinsun lofts, vatns og gróðurs, safna sorpi til endurvinnslu og vernda villt dýr.

Mörg verka okkar skaða náttúruna og í mörgum tilvikum gætum við lýst yfir algildum og varanlegum „griðasáttmála“ í eitt skipti fyrir öll.

Skáti er tillitssamur

Tillitssemin, sæmdin sanna,
sýnir bestu kosti manna,
græðir yl en grandar vetri,
gerir alla meiri og betri.

HZ



Að vera tillitssamur eða tillitsöm er að taka tillit til þeirra sem við umgöngumst, til fjölskyldu okkar, vina og skólafélaga og smám saman til allra manna hér á landi og um allan heiminn, hvort sem við þekkjum þá eða ekki, til dýra, gróðurs og náttúrunnar í heild. Til þess þurfum við að vera fær um að setja okkur í annarra spor, að „sjá hlutina með annarra augum“. Þetta er mannlegur eiginleiki sem við eflum með okkur eftir því sem við þroskumst. Fyrstu æviárin geta börn ekki sett sig í annarra spor en læra það smám saman í samskiptum við önnur börn og fullorðna og við umhverfið allt.

Tillitssemi er forsenda fyrir jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum, fyrir vináttu og heilbrigðu, mannlegu samfélagi. Erfitt getur verið að setja sig í annarra spor, sérstaklega þegar manni er mikið niðri fyrir og þegar manni finnst aðrir hafi rangt fyrir sér. Stundum rekast hagsmunir fólks á og einstaklingar og hópar „blindast“ af þröngum sjónarmiðum.

Oft kemur það fyrir að bæði ungir einstaklingar og fullorðin fólk fylgja einhverjum hópi í blindni. Það er kölluð múgsefjun og við höfum mörg dæmi í veraldarsögunni um það hvernig hún hefur valdið hræðilegum atburðum, jafnvel þjóðarmorðum. Múgsefjun, sem stundum er kölluð hjarðhegðun, getur líka myndast í litlum hópum. Þá er nauðsynlegt að átta sig á að það er hægt að sjá sömu aðstæður frá ólíkum sjónarhornum og að allir eiga að hafa sömu möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Það er ein af forsendunum fyrir lýðræði.

Skátar leggja metnað sinn í að sýna tillitssemi. Tillitssemi er fólgin í því að bera virðingu fyrir rétti annarra til að sjá hlutina öðruvísi og til að vera öðruvísi. Skátinn sýnir einnig bæði manngerðu og náttúrulegu umhverfi tillitssemi, jafnvel þótt umhverfið geti ekki látið skoðanir sínar í ljós. Það er nefnilega líka hægt að setja sig „í spor“ og taka tillit til umhverfisins alveg eins og að setja sig „í spor“ einstaklinga og hópa af einstaklingum og sýna þeim tillitssemi.

Skáti er heiðarlegur

Í hásetinu heiður situr,
heiðursmaður með sér flytur
hressan blæ og hugsun skíra,
hetja dagsins ævintýra.

HZ



Heiðarleiki er siðfræðilegt hugtak. Heiðarleiki snertir mannlegt samfélag og samskipti manna. Hvað gerir heiðarlegur maður, karl eða kona? Segir satt! Gengur aldrei á bak orða sinna! Villir ekki á sér heimildir! Tekur ekki það sem aðrir eiga! Villir ekki um fyrir öðrum! Svona mætti lengi telja. Heiðarleiki var það gildi sem Þjóðfundir Íslendinga 2009 og 2010 töldu einna mikilvægast fyrir samfélagið í heild.

Hver er andhverfan við heiðarleika? Það er óheiðarleiki. Að segja ósatt eða ljúga! Svíkja gefin loforð eða samninga! Að blekkja aðra með því að láta sem maður ætli sér annað en maður hyggst í raun og veru gera! Að stela því sem aðrir eiga eða hafa skapað! Að afvegaleiða viljandi annað fólk jafnvel til að hagnast á þess kostnað! Það virðist svo augljóst þegar við skoðum andhverfu heiðarleikans hvað það er mikilvægt bæði fyrir einstaklingana og samfélagið í heild að allir séu heiðarlegir í samskiptum hverjir við aðra.

Einnig er hægt að vera óheiðarlegur við sjálfan eða sjálfa sig. Það er hægt að stunda sjálfsblekkingu og það er meira að segja býsna algengt. Markmiðið með skátastarfi er að skátar læri að vera *sjálfstæðir*, *virkir* og *ábyrgir* þjóðfélagsþegnar. Skátahreyingin stefnir að því að skátar þroski með sér *sjálfsnám*, *sjálfsuppeldi*, *sjálfs gagnrýni* og *sjálfsmat* – jákvæða en raunsæja sjálfsmynd sem gerir þeim kleift að verða heilsteyptir einstaklingar sem eiga heiðarleg samskipti við alla menn, þar á meðal við sjálfa sig.

Heiðarleika þarf að efla í öllum mannlegum samskiptum – innan fjölskyldunnar, í skólanum, í leik og starfi, í viðskiptum og í stjórnmálum. Heiðarleiki er ein af forsendum lýðræðis og farsældar heildarinnar, en heiðarleiki er okkur ekki meðfæddur. Eins og sagt var í upphafi þá er heiðarleiki siðfræðilegt hugtak. Það merkir að við verðum að læra að vera heiðarleg og síðan að rækta með okkur allt lífið þetta mikilvæga gildi í mannlegu samfélagi.

Skáti er samvinnufús

Ýmsum verkum einn ei veldur,
ekki bogna, láttu heldur
samvinnunnar mátt og megin
málið leysa, ryðja veginn.

HZ



Það er stundum sagt að enginn sé maður nema með mönnum. Hvað þýðir það? Það þýðir að maðurinn er í grunninn félagsvera. Forsenda þess að barn þroskist og verði fullorðin manneskja er að það alist upp í samfélagi manna. Samfélag manna er forsenda líkams-, vitsmuna-, persónu-, tilfinninga-, félagsþroska og andlegs þroska manneskjunnar. Þó að sjálfstæði einstaklingsins sé vissulega mikilvægur þáttur í þroskaferlinu og í öllu lífi hvers einstaklings verður alltaf að skoða það í tengslum við samfélagslega þátttöku. Jafnvel sá sterkasti er háður samfélagslegu umhverfi sínu.

Mowgli ólst upp með úlfum og fleiri dýrum í frumskóginum í sögunni um Dýrheima. Hann lærði margt af dýrunum í skóginum. En hvernig lærði hann að verða maður? Sagan um Dýrheima er ævintýri. Í sögunni hafa dýrin ýmsa mannlega eiginleika, t.d. Bagheera, Baloo og Kaa. Hvernig færir fyrir „mannshvolpi“ sem myndi raunverulega alast upp með dýrum? Til eru dæmi um slíkt. Hvernig ætli slíku barni myndi ganga að fóta sig meðal manna?

Flest það sem við tökum okkur fyrir hendur vinnum við ekki án tengsla við annað fólk. Þegar við stöndum saman náum við þeim árangri sem mestu máli skiptir. „Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér.“ Samt er mismunandi hve fúsir einstaklingar eru til að vinna með öðru fólk. Sumum virðist líða illa í hópi. Oft liggja til þess einhverjar ástæður sem viðkomandi þarf jafnvel hjálp við að yfirvinna. Skátar eru hins vegar yfirleitt félagslyndir og líður oftast vel með hópnum. Þess vegna eru þau skátar.

Skáti er samvinnufús. Slíkt getur vissulega verið erfitt og oft snúið að vinna með öðrum. Öll viljum við vinna með vinum okkar og þeim sem okkur líkar vel við. Hvernig gengur okkur að vinna með þeim sem við þekkjum ekki eða líkar miður við? Hvernig gengur okkur að leysa ágreining sem upp kemur? Getum við sett okkur í spor þeirra sem við vinnum með? Sýnum við sjálfstæði og tillitssemi?

Skáti er nýttinn

Nýtni er óskyld nískupúka,
nýtni skaltu óspart brúka.
Góða hluti geyma, spara,
gamla hluti vel með fara.

HZ



Nýtni er ekki það sama og níska, eins og segir í vísunni hér fyrir ofan. Nýtni er náskyld hugtökunum efnahagslegt sjálfstæði, umhverfisvernd og sjálfbærni. Að nýta það sem við eigum og öflum, bæði sem einstaklingar og þjóðfélag, á sjálfbæran hátt þannig að lífsmöguleikar þeirra sem á eftir okkur koma verði sambærilegir eða betri en okkar. Andheitið við nýtni er græðgi. Græðgi er að borða meira en við þurfum, að eyða um efni fram, að ganga á óendurnýjanlegar auðlindir. Í stað þess að aðlaga neyslu einstaklinga og samfélags að efnahagnum og nýta betur það sem við eigum, hefur græðgin þau áhrif að fólk steypir sér í skuldir fyrir stundarþægindi. Með slíku framferði takmarkar það lífsmöguleika þeirra sem á eftir koma, barna okkar og barnabarna.

Sjálfbærni er þróun sem fullnægir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða. Talað er um *vistfræðilega*, *menningarlega* og *efnahagslega* sjálfbærni. Efnahagsleg sjálfbærni er mikilvæg forsenda fyrir vistfræðilegri og menningarlegri sjálfbærni.

Því flóknari sem samfélög verða, því háðari verða þau hinu viðkvæma jafnvægi sem einkennir náttúrulegt umhverfi okkar. Þetta jafnvægi, eða vistkerfi, hefur raskast alvarlega vegna iðnvæðingar og græðgi. Sú röskun hefur valdið alvarlegum spjöllum á vatni, andrúmslofti og jarðvegi. Framtíðartilvist okkar og afkoma mannkynsins er háð því að finna lausn á þessum vanda. Við getum og eigum öll að leggja okkar af mörkum til þess.

Nýtni og sjálfbær þróun þarf að ná til þess smáa í nærumhverfi og nærsamfélagi eins og meðferð fjármuna, flokkunar á sorpi, umgengni um náttúrulegt umhverfi og menningarleg verðmæti og er þannig á ábyrgð og valdi hvers og eins.

Skátar eru meðvitaðir um manngert og náttúrulegt umhverfi sitt, láta ekki græðgi ráða för, nýta vel það sem þeir eiga og afla og lifa ekki um efni fram.

Skáti er réttýnn

Réttýnnin er römm að afli,
rétt og sönn í dagsins tafla.
Aldrei tommu undan víkja
óréttlæti - það mun svíkja.

HZ



Réttýni er náskyld réttlæti. Til þess að vera réttlátur þarf skátinn að vera réttýnn. Sá eða sú sem stjórnast af annarlegum hagsmunum getur ekki verið réttýnn eða réttýn. Réttýni tengist einnig tillitssemi og heiðarleika. Réttlæti felst m.a. í því að allir fái sömu eða sambærileg tækifæri til að þroskast á eigin forsendum. Réttlæti felst líka í því að dæma fólk á sömu eða sambærilegum forsendum en ekki á grundvelli þröngra hagsmuna, fordóma eða annarlegra sjónarmiða.

Fullkomið réttlæti verður sennilega aldrei til, en það sem skiptir máli er að hver og einn reyni eftir megni að sýna alltaf réttýni í samskiptum við annað fólk, innan fjölskyldunnar og annars staðar, hvort sem er í leik eða starfi. Réttýni felst einnig í því að berjast gegn fordómum, mismunum og óréttlæti sem byggt er t.d. á grundvelli kynferðis, uppruna, trúarbragða, litarháttar, kynhneigðar, stjórnmalaskoðana, efnahags eða samfélagslegrar stöðu.

Það getur reynst erfitt að vera réttýn eða réttýnn og oft reynir á sjálfstæði og staðfestu skátans. Ýmsir sem hafa tiltekinna hagsmuna að gæta eða stjórnast af ákveðnum fordómum reyna oft að hafa áhrif á aðra, ýmist opinskátt eða á dulinn hátt. Stundum kemur það jafnvel fyrir að einstaklingur eða hópur er lagður í einelti fyrir að fylgja sannfæringu sinni um réttlæti í tilteknum málum.

Réttýni er forsenda þess að skapa opið, umburðarlynt og fordómalaust samfélag. Það gildir í smáu og stóru í skátaflokknum og skátasveitinni, innan fjölskyldunnar og í skólastarfi, í samfélaginu öllu bæði innanlands og á alþjóðlegum vettvangi.

Réttýni ætti að vera aðalsmerki allra skáta. Hver skáti reynir eftir mætti að sýna réttýni í öllum samskiptum sínum við stóra og smáa, bæði þá sem hann eða hún er sammála og hinna sem þau eru ekki sammála. Hver skáti reynir einnig eftir mætti að berjast gegn óréttlæti hvar sem það birtist, eins og segir í vísunni hér fyrir ofan.

Skáti er sjálfstæður

Sjálf er löngum hollust höndin,
höftum fjarri og sjálfstæð öndin.
Á leiðinni um lönd og álfur
leitastu við að vera þú sjálfur.

HZ



Að vera sjálfstæð eða sjálfstæður er ekki það sama og að taka ekki tillit til annarra. Það er sannarlega hægt að vera sjálfstæð eða sjálfstæður og sýna öðrum tillitssemi. Til þess að vera sjálfstæð eða sjálfstæður þarf hins vegar að hafa sjálfsþekkingu, jákvæða og raunhæfa sjálfsmynd og sjálfstraust. Sá eða sú sem hefur lélega sjálfsmynd og jafnvel minnimáttarkennd á erfitt með að vera sjálfstæður eða sjálfstæð. Sá eða sú sem hefur hins vegar of sterka sjálfsmynd sem jafnvel getur jaðrað við mikilmennsku og er alltaf röng, á erfitt með að taka tillit til annarra og rekur sig á veggum áður en lýkur. Hvorugt er gott. Sjálfstæði og tillitssemi við aðra þurfa að haldast í hendur hjá heilsteypum einstaklingi.

Sjálfstæður einstaklingur lætur ekki aðra hafa áhrif á sig til að gera eitthvað sem hann eða hún veit innst inni að er rangt. Sjálfstæður einstaklingur lætur heldur ekki leiða sig til að gera eitthvað sem hann eða hún vill ekki gera, jafnvel þó að það sé ekki endilega rangt. Börn, unglingar og reyndar margir fullorðnir, fylgja stundum ákveðnum skoðunum og taka jafnvel þátt í óæskilegum aðgerðum einungis til þess að ganga í augun á einhverjum einstaklingi eða hópi. Slíkt er sannarlega merki um ósjálfstæði. Slíkt þýðir hins vegar alls ekki að sjálfstæður einstaklingur geti ekki verið hluti af hópi. Hópur sjálfstæðra einstaklinga sem er meðvitaður um vilja sinn og skoðun er sterk heild sem gjarnan nær þeim árangri sem að er stefnt.


Sjálfstæði er forsenda þess að geta sýnt frumkvæði og verið góður stjórnandi eða leiðtogi. Góður stjórnandi sér til þess að hver einstaklingur í því teymi sem hann eða hún leiðir fái tækifæri til að efla eigið sjálfstæði en sýni jafnframt öðrum tillitssemi og viti hvert er stefnt og hvers vegna.

Markmið skátahefingarinnar er að ala upp *sjálfstæða*, *virka* og *ábyrga* einstaklinga. Þetta þrennt þarf að fara saman hjá hverjum skáta. Það er ekki nóg að skátinn sé *sjálfstæður* ef hann er ekki *virkur* í samfélaginu eða ber ekki *ábyrgð* á því sem hann segir eða gerir.

SKÁTAHEITIÐ

Skátaheitið er persónulegt loforð

Skátaheitið er loforð sem við gefum okkur sjálfum, eins konar persónuleg áskorun um að gera okkar besta til að halda skátalögin. Texti skátaheitisins er stuttur, einfaldur og auðskiljanlegur.



Með skátaheitinu lofum við að gera það sem í okkar valdi stendur

Skátaheitið er valkvætt tilboð en ekki eiður. Þegar unglingar vinna skátaheitið, lofa þeir að gera sitt besta af fúsum og frjálsum vilja. Þeir afneita engu og sverja ekki lögformlegan eða trúarlegan eið.

Skátarnir lofa því ekki að þeim muni aldrei mistakast að standa við heit sitt. Þeir einfaldlega lofa að gera sitt besta til að standa við orð sín. Það er loforð sem þeir gefa sjálfum eða sjálfri sér í algjörrri einlægni með áveðnum ásetningi um að *gera sitt besta*.

Af sömu ástæðu, ættu foringjar að beita eigin dómgreind þegar þeir fjalla um loforð unglínganna. Umræða um skátaheitið ætti að vera eins eðlileg og einföld og mögulegt er, án allrar kaldhæðni eða falinna tilvísanna. Foringjar ættu aldrei að nota orð eða bendingar sem gefa til kynna að þeir efist um einlægni skátans gagnvart skátaheitinu.

Foringjar ættu aldrei að álasa einstaklingi eða hópi á nokkurn hátt með tilvísun í skátaheitið. Öll samtöl við unglínginga um það sem hann eða hún mætti reyna að bæta, ættu að fara fram í einrúmi.

Gott tækifæri til að ræða um skátaheitið er í „fimm mínútum foringjans“ við lok fundar, kvöldvöku eða varðelds. Þess þarf þó að gæta að ræða ekki um skátaheitið og loforð skátanna of oft þar sem þá getur það misst gildi sitt. Upplagt er líka öðru hverju að „leggja út af“ einstökum greinum skátalaganna án þess að tengja það beinlínis við skátaheitið.

Skyldan við „guð og ættjörðina“

Þetta orðalag í skátaheitinu „skyldan við guð og ættjörðina“ er að sjálfsögðu svolítið barn síns tíma og ber ekki að taka of bókstaflega. Skátahreyfingin er ekki bundin tilteknum trúarbrögðum, löndum eða landsvæðum, ríkjum eða menningarheimum. Skátahreyfingin er alþjóðleg uppeldis- og friðarhreyfing sem leggur áherslu á mótun sjálfstæðra og heilsteyptra einstaklinga, karla og kvenna. Einstaklinga sem taka á virkan hátt og af fullri ábyrgð þátt í uppbyggingu samfélagsins, hvort sem það er innan fjölskyldunnar, í skólanum, á vinnustaðnum, í viðkomandi þjóðfélagi eða í alþjóðlegu samfélagi allra manna.

„Guð“ í skátaheitinu vísar til andlegs þroska skátans sem hugsandi heilsteypst einstaklings sem byggir líf sitt á lífsgildum eins og ígrundun, siðgæði, umburðarlyndi og samhjálpi. Að sjálfsögðu leggur svo hver og einn einstaklingur sína merkingu í guðs-hugtakið, í takti við þau trúarbrögð sem hann eða hún aðhyllist, hvort sem það er kristni, islam, búddismi eða annað. Varast ætti, í því fjölmenningsamfélagi sem Ísland er orðið, að tengja skátastarf um of við tiltekin trúarbrögð eða beina hefðbundna trúariðkun.

„Ættjörðin“ í skátaheitinu vísar til þess samfélags sem við búum í, þeirrar menningar sem við þekkjum best og að sjálfsögðu þess lands sem við byggjum. Í augum ungs skáta vísar „ættjörðin“ til nánasta umhverfis og nærsamfélags í faðmi fjölskyldu og skóla. Eftir því sem einstaklingurinn þroskast vikkar þessi sýn og veruleiki og nær til Íslands alls, íslenskrar menningar, tungumáls og íslenskrar náttúru. Fyrir hinn fullorðna og þroskaða skáta vísar „ættjörðin“ til alheimsins, náttúrunnar, menningarheilda og allra manna. Þó að skátar hér á landi leggi áherslu á íslenskan menningararf, íslenska fánann og íslenska þjóð, ber að varast að tengja skátastarf um of við þjóðerni og alls ekki við þjóðernisstefnu eða þjóðernisskrum.



Bræðralagssöngur skáta vísar til hugsjóna skáta um „bræðralag og friðarbönd“

Vorn hörundslit og heimalönd
ei hamla látum því,
að bræðralag og friðarbönd
vér boðum heimi í.

Nú saman tökum hönd í hönd
og heits þess minnumst við,
að tengja saman lönd við lönd
og líf vort helga frið.

Jón Oddgeir Jónsson



„að hjálpa öðrum“

„Að hjálpa öðrum“ í skátaheitinu vísar til þeirra mikilvægu tengsla sem eru á milli einstaklings, samfélags og umhverfis. Það vísar til samfélagslegrar ábyrgðar hvers og eins til hugtaka eins og réttlætis, jafnræðis, jafnréttis og sjálfbærni.

Enginn verður maður nema með mönnum. Það þýðir að þroski mannsins er algerlega háður gagnvirkum samskiptum einstaklingsins við aðrar manneskjur, við samfélag manna. Þess vegna er beinlínis rangt og varasamt að tengja „að hjálpa öðrum“ einungis við það að hjálpa þeim sem eiga bágt – við góðsemi eða manngæsku. Að sjálfögðu ber að hjálpa þeim sem þjást, eru fátækir eða í jaðarhópum, eru einangraðir eða utanveltu. Við gerum það ekki einungis af því að við erum svo góð og fórnfús – heldur á grundvelli manngildishugsjónar okkar og hugmynda um réttlæti, jafnræði, jafnrétti og sjálfbærni til handa öllum samfélögum og öllum mönnum, konum og körlum.

Við hjálpum öðrum til þess að allir fái sem jöfnust tækifæri í lífinu og þannig eflum við líka samfélagið í heild.

Íslenskt máltæki segir „Sælla er að gefa en þiggja“ Hver aldurshópur skáta og hver skáti skilur „að hjálpa öðrum“ á sinn veg, allt eftir þroska hvers og eins og þeim félagsskap og umhverfi sem hann hrærist í.

Orðalagið í skátaheitinu gæti bent til þess að einungis sé verið að tala um að hjálpa „öðrum einstaklingum“ – svo er þó ekki. Hér er líka vísað til þess að hjálpa hópum fólks og jafnvel heilum þjóðum og að „hjálpa“ bæði menningarlegu og náttúrulegu umhverfi. „Að hjálpa öðrum“ hefur víðtæka merkingu fyrir „sanna“ skáta.

„að halda skátalögin“

Að lokum áréttar skátaheitið um viljann til „að halda skátalögin“. Það snýst ekki um að kunna lögin utan að, fara með þau án þess að hika eða verða fótaskortur á tungunni, vita nákvæma röð eða númer greinanna eða jafnvel að virða þær eins og þær væru utanaðkomandi reglur eins og umferðarreglur.

Loforðið um að gera sitt besta til að halda skátalögin er eitthvað meira. Það snýst um að *lifa* skátalögin – að gera þau að hluta sannfæringar okkar – hluta af okkur sjálfum. Þá verða skátalögin eðlilegur hluti af persónuleika okkar, viðmóti og hegðun. Með þessu verður breytingin frá hefðbundnu siðferði til siðferðislegs sjálfstæðis. Um það snúast skátalögin.

Að lifa skátalögin er ekki bara loforð sem við gefum fyrir unglingsárin eða á meðan við erum í formlegu skátastarfi. Loforðið er fyrir lífið, í skátastarfi og utan þess. Þetta er það sem margir eldri skátar eiga við þegar þeir segja „eitt sinn skáti, ávallt skáti“.

Að vígjast sem skáti og vinna skátaheitið er mikilvæg stund í lífi hvers unglings

Það er mikilvægt að gera það að sérstakri hátíðarstund þegar nýliði dróttskátasveitarinnar vinnur skátaheitið í fyrsta sinn.

Athöfnin ætti að vera einföld og hátíðleg. Einlæg og falleg stund þar sem sveitin gleðst með nýliða sem er reiðubúinn að takast á hendur loforð af fúsum og frjálsum vilja.



Við vígsluna fær skátinn skátaklútinn sem tákni um loforð sitt um að lifa í anda skátaheitisins og að hann sé „vígður“ skáti.

Unglingarnir ákveða hvort og hvenær þeir eru tilbúnir til að vinna skátaheitið og vígjast sem skátar

Það er enginn sérstakur „réttur tími“ til að vinna skátaheitið. Vígslan tengist ekki framfarastigum unglingsins. Unglingurinn vinnur einfaldlega skátaheitið þegar hann hefur lokið nýliðatímabilinu, er tilbúinn og óskar eftir að flokksþingið samþykki það. Sveitarforingjarnir ættu ekki að efast um eða tortryggja tilgang óskarinnar. Eins ættu þeir aldrei að fresta vígslu sem hefur verið lögð til af flokksþingi einhvers skátaflokks sveitarinnar.

Kjörorð skáta minnir okkur á skátaheitið

Kjörorð skáta er nátengt skátaheitinu:



Kjörorðið er næstum því hróp, eins konar áminning um skátaheitið og skátalögin.

Það er ekki gott að ofgera kjörorðunum með því að láta skátana hrópa þau í tíma og ótíma. Þau eru fyrir mikilvægar stundir: Kveðjustundir, í lok funda, kvöldvöku eða varðelds.

Góðverkið er dæmi um framkvæmd skátaheitisins

Góðverkið sem skátar reyna að inna af hendi á hverjum degi er nátengt skátaheitinu og kjörorðunum.



Góðverkið hvetur skátann til þess að bregðast við og koma skátaheitinu í framkvæmd. Það er ekki nóg að hrópa „ávallt viðbúinn“ og muna að þú hafir lofað að halda skátalögjin. Þú þarft líka að vinna verk sem sýna að þú vilt lifa í samræmi við loforðið og eftir kjörorðinu.

Góðverkið er hógværaasta hjálp sem skátinn getur veitt í dagsins önn og sýnir að hann eða hún vill lifa eftir kjörorðunum „ávallt viðbúinn“.

Dagleg góðverk líta kannski ekki út fyrir að vera mjög mikilvæg frá sjónarhorni fullorðinna. Sjónarhorn þess fullorðna er ekki mikilvægt í þessu sambandi. Þessu uppeldisatriði er ekki ætlað að láta skátann leysa flókin félagsleg vandamál, heldur hvetja hann til að rækta með sér viljann til að aðstoða aðra – og sýna að annað fólk er mikilvægt.

Í fyrstu getur það þótt svolítið uppgerðarlegt að þurfa að gera góðverk á hverjum degi. Slíkt skiptir ekki máli heldur athöfnin sem mun smám saman stuðla að ákveðnu viðhorfi. Á þann hátt mun þjónustuviljinn verða eðlilegur hluti skapgerðar skátans, óaðskiljanlegur hluti persónuleika hans eða hennar.

